

**Nd.**

## **607. Frumvarp til laga**

um hækkun á aðflutningsgjöldum árið 1947.

(Lagt fyrir Alþingi á 66. löggjafarþingi, 1947.)

### **1. gr.**

#### **Vörumagnstollur.**

Til ársloka 1947 skal innheimta vörumagnstoll samkvæmt lögum nr. 62/1939, um tollskrá o. fl., og síðari lögum um breyting á þeim lögum með þeim hækkunum, er hér greinir:

- a. af benzíni samkvæmt 27. kafla tollskrárlaganna 15. lið með 20 aurum af kg í stað 1 eyris.
- b. af öllum öðrum vörum með 200% álagi, með þeim undantekningum, sem um ræðir í 3. gr.

### **2. gr.**

#### **Verðtollur.**

Á sama tíma skal verðtollur innheimtur með 65% álagi, með þeim undantekningum, sem um ræðir í 3. gr.

### **3. gr.**

Undanþegnar tollhækkun þeirri, er um getur í 1. og 2. gr., eru eftirtaldar vörur: Tollskrárkafli 9 nr. 1—2, kaffi, óbrennt, brennt eða brennt og malað.

—	10	—	1—7, korn ómalað.
—	11	—	1—12, mjöl og grjón.
—	17	—	1—6, sykur.
—	22	—	6—38, drykkjarvörur og ýmislegir vökvar.
—	24	—	1—9, tóbak.
—	25	—	10, salt.
—	27	—	1—4, kol.
—	—	—	14, steinolia.

Enn fremur eru allar vörur, sem tollur er greiddur af samkvæmt millirikjasamningum, undanskildar tollhækkun samkvæmt þessum lögum.

### **4. gr.**

Sama aðflutningsgjald af benzíni og segir í 1. gr. a skal greiða af öllum benzínbirgðum í landinu, er lögin öðlast gildi, að frádrögnum þegar greiddu aðflutningsgjaldi samkvæmt gildandi tollskrá. Þó skulu gjaldfrjálsir 300 lítrar hjá hverjum eiganda. Gjaldið skal greiða hvort heldur benzínið er í vörzlum eiganda sjálfs eða ekki. Sérhver sá, sem á eða hefur umráð yfir 300 l af benzíni eða meira þann dag, er lög þessi öðlast gildi, skal skyldur að tilkynna það innheimtumanni innan 10 daga.

5. gr.

Auk þeirra undanþága, er greindar eru í 3. gr., er fjármálaráðherra heimilt að undanþiggja fleiri vörutegundir tollhækkun, ef það reynist nauðsynlegt að hans dómi til að halda niðri verðlagi í landinu eða af öðrum knýjandi ástæðum.

6. gr.

Verðlagseftirlitinu er óheimilt að leyfa álagningu á tollhækkun samkvæmt lögum þessum.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Frv. þetta er borið fram til að afla ríkissjóði tekna til að inna af hendi nauðsynlegar fjárgreiðslur til þess að halda niðri verðlagi í landinu.

Í fyrstu grein frv. er gert ráð fyrir, að benzintollur verði hækkaður úr 1 eyri af kg í 20 aura. Samkvæmt skýrslu Hagstofunnar voru fluttar inn rúmar 22.5 þús. lestir af benzíni s. l. ár. Bifreiðum hefur fjölgað um 2500 á árinu og eru nú með bifhjólum 7858 á öllu landinu. Af þessum ástæðum má búast við auknum innflutningi á benzíni á þessu ári, og er ekki óvarlegt að áætla, að benzínnotkun bifreiða komist upp í 25 þús. lestir eða vel það, þannig að reikna megi með um 5 millj. kr. tekjuaukningu af þessari tollhækkun. Sem stendur er greiddur 1 eyris tollur af hverju kg benzíns, auk 9 aura aukagjalds af hverjum lítra. Í nágrannalöndum vorum er miklu hærri tollur greiddur af benzíni en hér, t. d. í Danmörku 34 aur. af l, í Svíþjóð 18 aurar og í Noregi 18 aurar, talið í gjaldeyri hvers lands. Í Englandi er benzintollurinn 9 pence af gallon, sem samsvarar 22 aur. af lítra.

Vegaviðhaldið varð árið 1939 rúmlega 836 þús., en 1946 yfir 11 millj. kr. og hefur því meira en þrettánfaldast á síðustu 8 árum, án þess nokkrar sérstakar ráðstafanir hafi verið gerðar til að mæta þessari stórfelldu útgjaldaaukningu. Aðrar þjóðir hafa hagað löggjöf sinni þannig, að þeir, sem mest nota vegina, tækju drýgstan þátt í viðhaldskostnaðinum. Með hækkun benzínstollsins er stefnt í þessa átt.

Í annan stað er gert ráð fyrir, að annar vörumagnstollur, með þeim undantekningum sem í 3. gr. getur, hækki um 200%.

Á undanfórnum 7 árum hefur hlutfallið á milli vörumagnstolls og verðtolls verið sem hér segir, talið í þús. króna.

	1940	1941	1942	1943	1944	1945	1946
Vörumagnstollur:	6310	6995	9420	8953	10236	12531	14667
Verðtollur:	6422	16699	39384	33933	36106	48771	62314

Af þessum samanburði sést, að vörumagnstollurinn hefur numið nálega sömu fjárhæð og verðtollurinn fyrst eftir að lollskrárlögin komu til framkvæmda, en eftir því sem verðlag á erlendum vörum og flutningsgjald hækkar á styrjaldaárunum, raskast þetta hlutfall, unz svo var komið s. l. ár, að verðtollurinn var orðinn meira en ferfaldur vörumagnstollurinn. Í langflestum tilfellum er þungatollurinn 2 og 7 aur. á kg, þannig að miðað við það háa verðlag, sem nú er á erlendum varningi, má segja, að þessi tollur sé nú orðinn alveg hverfandi og að sú hækkun á vörumagnstollinum, sem hér er gert ráð fyrir, muni hafa tiltölulega litla verðhækkun í för með sér.

Vörumagnstollurinn nam s. l. ár alls 14.6 millj. kr., þar af tóbakstollur 5 861 000 kr. og áfengistollur 2 387 000 eða samtals krónur 8 248 000.00. Af öðrum vörum hefur því vörumagnstollur orðið 6.4 millj. kr. Innflutningur hefur aldrei orðið meiri en í fyrra og alveg víst, að hann verður mun minni á þessu ári, af ástæðum, sem síðar verður vikið að. Sé gengið út frá, að innflutningur verði ¼ hluta

minni í ár en í fyrra að magni, yrði vörumagnstollur á þessu ári, að undanskildum áfengis- og tóbakstolli, samkvæmt gildandi tollalöggjöf 4.8 millj. króna. Frá þessari upphæð ber svo að draga tolla af þeim vörum, sem ekki eiga að hækka samkvæmt frv., sem hér segir:

Kol 150 000 lestir á 2 kr. ....	kr.	300 000.00
Steinolía 17 000 lestir á 0/35 100 kg .....	—	59 500.00
Kaffi 700 lestir á 0/40 kg .....	—	280 000.00
Sykur 5 500 lestir á 0/10 kg .....	—	550 000.00
		<u>kr. 1 189 500.00</u>

Þannig að tollhækkun samkvæmt frv. mundi alls nema  $4.8 \div 1.2 = 3.6 \times 2 = 7.2$  millj. króna.

Verðtollurinn nam á s. l. ári 62.3 millj. kr. og varð 13.5 millj. kr. hærri en árið áður og hefur aldrei komið svo hátt fyrr. Þetta stafar að sjálfsögðu af óvenjulega miklum innflutningi á s. l. ári, samfara nokkurri verðhækkun á heimsmarkaðinum. Það sem af er þessu ári hefur ekkert dregið úr innflutningnum, svo að verðtollurinn varð 10 millj. kr. fyrstu 2 mánuði ársins, sem stafar af eldri leyfisveitingum, sem endurnýjaðar hafa verið á þessu ári.

Gjaldeyrisástand er nú þannig, að dregið verður úr veitingu innflutningsleyfa fyrst í stað, að minnsta kosti þar til séð verður, hvernig úr muni rætast með sölu afurða og þar af leiðandi með gjaldeyri á þessu ári. Er því alveg vafalaust, að reikna verður með minni innflutningi í ár en í fyrra, og þykir ekki ósennilegt, að heildarinnflutningsverðmætið verði allt að  $\frac{1}{4}$  hl. minna en í fyrra og verðtollurinn álíka lægri, eða ca. 46 millj. kr. 65% hækkun á verðtollinum ætti því að hafa í för með sér 29.9 millj. kr. tekjuhækkun, miðað við allt árið. Þess ber þó að gæta, að eins og fyrr segir hefur innflutningur orðið óvenju mikill það sem af er árinu, sem tollhækkun nær ekki til, svo að líkindum er hér vel í lagt.

Í fyrra mánuði var hækkað útsöluverð á áfengi og tóbaki, og hefur fjárveitinganefnd þegar tekið í áætlun sína væntanlega tekjuaukningu af þeirri verðhækkun. Hefur því ekki þótt ástæða til að innheimta toll af áfengi og tóbaki með álagi, þar sem séð hefur verið fyrir tekjuaukningu af þeirri verzlun á annan hátt.

Samkvæmt framanskráðu ætti hækkun samkvæmt frv. miðað við allt árið að nema:

Benzíntollur .....	5	millj. kr.
Vörumagnstollur .....	7,2	— —
Verðtollur .....	29,9	— —
		<u>42.1 millj. kr.</u>

Þar sem tollhækkunin nær ekki nema til 9 mánaða af árinu, ber að draga hér frá  $\frac{1}{4}$ , eða 10.5 millj. kr., þannig að tekjuhækkun í ár mun ekki nema meiru en 31.6 millj. kr.

Eins og gefur að skilja, er óhjákvæmilegt, að tollhækkun sem þessi hafi talsverða verðhækkun í för með sér, en meðan þeirri stefnu er haldið að leitast við að stöðva áframhaldandi verðbólgu með niðurgreiðslu úr rikissjóði, verður ekki hjá því komið að auka sérstaklega tekjur rikissjóðs í þessu skyni, og ber þá einnig á það að líta, að ætlað er til, að öllu fénu verði varið til að greiða niður verð á helztu nauðsynjavörum og leitast þannig við að stemma stigu fyrir því, að hækkun vísitölunnar verði atvinnuvegum landsmanía of þung í skauti.